


RANNSÓKNIR Á VATNASVÆÐI
ALFTAR Á MÝRUM 1987.

Sigurður Már Einarsson

└ BOrgarnesi, september 1988 VMST-V/88016X ┴



VEIDIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

RANNSÓKNIR Á VATNASVÆÐI ALFTÁR Á MYRUM 1987

1. INNGANGUR

Arið 1986 hófust rannsóknir á laxastofni Alftár á Mýrum að beiðni Veiðifélags Alftár. Þessi athugun beindist einkum að því að athuga hvernig áin nýttist í heild sinni til uppeldis og hrygningar fyrir lax, hvernig þéttleika og vexti seiða væri háttar og leiðbeina um fiskrækt í kjölfar rannsókna. Í ljós kom að vatnsvæðið nýttist mjög vel til hrygningar og uppeldis, seiðamagn var mikil og vöxtur góður. Undantekning reyndist eftsti hluti Veitu sem hafði bornað upp á því svæði 1985. Akveðið var að halda rannsóknum áfram með svipuðu sniði og verður í eftirfarandi skýrslu gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sem gerð var um miðjan september 1987.

2. ADFERDIR

Rannsóknin var gerð þann 16. september og er visað til fyrri skýrslu varðandi þær aðferðir sem beitt var. Stöðvum var nú nokkuð fækkað og breytt frá fyrra ári, enda var þá lögð áhersla á að kynnast ánni á sem flestum stöðum. Stöðvum var nú fækkað frá 13 niður í 8, þar af 6 í Alftá og 2 í Veitu. Einnig var staðsetningum nokkurra stöðva breytt. Í framtíðinni er miðað við að stöðvum verði ekki frekar breytt til að auka áreiðanleika mælinganna en miklu skiptir að nákvæmlega sömu staðir séu athugaðir hverju sinni.

Gönguseiðum var sleppt í ána vorið 1987 af stofni Alftár. Seiðin voru öll merkt með örmerkjum til að kenna árangur af sleppingunni. Seiðunun var komið fyrir í kassa rétt fyrir ofan Brúarland og þau fóðruð fram að sleppingu. Eitthvað af seiðum drapst sennilega vegna of litils straums í kassanum, en ekki er vitað um heildar afföll af þeim sökum.

3. NIÐURSTÖDUR OG ALYKTANIR

Litlar breytingar urðu í Alftá frá fyrra ári. Sem fyrr er það laxinn sem hefur undirtökin alls staðar í ánni. Aðeins varð vart við urriða á 4 veiðistöðum í litlu magni og bleikja fannst aðeins efst í Alftá (Tafla 1).

Seiðamagn árinnar breyttist lítið frá fyrra ári. Hrygning fannst viða í ánni (Árgangur 1987) eða á svæðinu frá Brúarlandi niður undir Alftárbakka. Eins árs seiði (Árgangur 1986) fannst alls staðar í ánni í töluverðu magni, þó í við minna að meðaltali en árinu áður (Tafla 3). Tveggja ára seiði (Árgangur 1985) var einnig mjög áberandi sérstaklega á búsvæðunum um miðbik árinnar þar sem skilyrði eru góð fyrir stærri seiði. Þau fundust þó ekki í Veitu f.n. Hraundal og stendur það örugglega í sambandi við þurrkana 1985. Það svæði er þó greinlega að jafna sig eftir þurrkana því nokkur eldri seiði fundusr þar og seiðin því farin að nema þar land aftur. Priggja ára seiði (Árgangur 1984) voru nú mjög áberandi en þau sáust varla árið áður. Þessi árgangur er viða sterkur á vesturlandi, en árgangurinn frá 1983 var viða mun síðri. Í heild er seiðamagnið heldur meira en árið 1986. sérstaklega hvað stærri seiði snertir og ætti að skila góðri laxgengd 1989. Í heild verður því ekki annað sagt en að þessi 2 ár sem athugun hefur verið gerð á seiða magninu, að vatnakerfi Alftár er fullnýtt til seiðaframleiðslu og framleiðslan sé mikil, sérstaklega á þeim svæðum þar sem skilyrðin eru góð frá náttúrunnar hendi.

Vöxtur seiðanna kemur fram í töflu 2 og einnig á mynd 1. Vöxturinn er nokkuð mismunandi á milli veiðistaða, en eins og fyrr batnar hann er neðar dregur í ánni og stendur það að einhverju leiti í samhengi við ásetning en hann er litill neðst í Alftá vegna lélegri búsvæða. Vöxturinn var minni en árið áður og kemur það m.a. fram í því að áin framleiðir nú seiði að nokkru leyti á 4 árum.

Fylgjast þarf vel með heimtum á merktum laxi til að athuga hvernig gönguseiðasleppingar hafa heppnast.

TAFLA 1

FJÖLDI LAXFISKASEIDA SEM VEIDDIST I EINNI RAFVEIDIYFIRFERÐ
PER 100 M² BOTNFLATARMAL I VATNAKERFI ALFTAR
16. SEPTEMBER 1987.

(- = EKKI TIL STADAR)

VEIDDISTADUR	<u>LAX</u>					URR. <u>ALLS</u>	BL. <u>ALLS</u>
	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>ALLS</u>		
1							
F.n. Alftá	-	0.6	0.6	3.0	4.2	0.9	1.7
2							
Milli Brúarlands							
og ármóta	-	5.6	6.9	10.6	23.1	1.3	0.3
3							
F.n. Brúarland	8.6	14.8	19.9	43.3	3.5	-	
4							
F.n. Verpi	9.7	12.0	14.9	6.9	43.5	-	
5							
Við Stekkjarfossa	1.8	3.9	1.1	-	6.8	7.9	-
6							
F.n. Alftárbakka	3.1	3.9	1.6	0.5	9.1	-	-
7							
Veita f.n. Hraundal	-	7.2	-	4.0	11.2	4.0	-
8							
Veita f.n stíflu	1.5	7.1	5.1	10.6	24.3	-	-

TAFLA 2

MEDALLENGD LAXASEIDA I HVERJUM ALDURSHOP I
ALFTA 16 SEPTEMBER 1987

St.	0+			1+			2+			3+		
	Ml.	Sd.	n	Ml.	Sd.	n	Ml.	Sd.	n	Ml.	Sd.	n
1				4.8	0.12	3	8.5	0.25	3	10.1	1.29	15
2				5.3	0.39	18	6.8	0.43	22	8.8	0.88	34
3	4.0	0.31	22	5.9	0.49	38	9.0	1.37	51			
4	3.6	0.17	17	5.6	0.27	21	7.0	0.59	26	9.2	0.67	12
5	4.4	0.37	5	6.62	0.44	11	9.4	1.63	3			
6	4.7	0.54	12	7.7	0.65	15	9.5	0.40	6	10.9	0.42	2
7				6.2	0.36	9				9.9	0.65	5
8	3.4	0.15	3	5.1	0.40	14	6.6	0.30	10	8.6	1.00	21

TAFLA 3

SAMANBURDUR Á PETTLEIKA LAXASEIDA Í ALFTA Á MYRUM
I SEPTEMBER 1986 OG 1987. PETTLEIKINN ER REIKNADUR
SEM MEDALTAL SEM FEKKST I EINNI RAFVEIDIYFIRFERD
Á HVERJA 100 M². (1986 = 12 STÖÐVAR, 1987 = 8 STÖÐVAR)

ALDURSHOPAR

<u>VEIDIAR</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>ALLS</u>
1986	2.9	8.6	6.6	0.2	18.3
1987	3.1	6.9	6.3	4.5	20.6

MYND 1: LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIDA A VEIDISTODUM I
ALFTA A MYRUM 16. SEPTEMBER 1987.

